



Fréttabréf

Verkalýðsfélags Akraness

Desember 2010

Netföng: skrifstofa@vifa.is og vifa@vifa.is • Heimasíða: www.vifa.is



Krafan er 200.000 kr. lágmarkslaun

Ljósmynd: Friðbjófur Helgason.

Kröfugerð Starfsgreinasambands Íslands gagnvart Samtökum atvinnulífsins var kynnt þann 6. desember sl. Meginmarkmið samninganefndar SGS er að endurheimta þann kaupmátt sem glatast hefur frá upphafi efnahagsshrunsins á Íslandi, minnka atvinnuleysið og tryggja hinum lægst launuðu auknar kjarabætur. Samninganefnd Starfsgreinasambandsins vill í komandi kjaraviðræðum stuðla að stöðugleika svo að takast megi að auka kaupmátt, skapa ný störf og létta á böli atvinnuleysisins og þeim fjárhagsvanda sem fjölskyldur í landinu glíma við.

Launakröfur og kaupmáttaraukning

Í kröfugerðinni má lesa eftirfarandi:

„Samninganefnd SGS leggur áherslu á annars vegar beinar launahækkanir og hins vegar að stjórnvöld sýni staðfestu sem geti leitt til aukins kaupmáttar m.a. með hækkun persónuafsláttar og tekjuskattsbreytingum í þágu hinna lægst launuðu auk annarra efnahagsúrræða. Almennar launahækkanir verða að koma til framkvæmda frá 1. desember 2010 og að lágmarkslaun verði kr. 200.000 frá sama tíma. Auk almennra launahækkana leggur samninganefndin meðal annars áherslu á tilfærslu starfsheita í launatöxtum og breytingu á reiknitölum kaupaukakerfa.“

Öll tiltæk samfélagsleg úræði

Endurheimt þess kaupmáttar sem hefur glatast er sérstakt áhersluatriði samninganefndarinnar og telur hún að til þess verði að beita öllum tiltækum samfélagslegum úrræðum sem eigi sér efnahagslegar og pólitískar forsendur. Áréttað er að sú ábyrgð hvíli á stjórnvöldum og Alþingi.

Í kröfugerðinni segir enn fremur:

„Pólitísk staðfesta er lykill að trausti og um leið að samkomulag á vinnumarkaði eins og Stöðugleikasáttmálinn frá því í júní

2009 haldi í raun. Stefna verður að stöðugum gjaldmiðli og skapa skilyrði fyrir erlendar fjárfestingar til að örva atvinnulífið. Séu þessar forsendur ekki til staðar verður að skapa þær með þverpólitískri samstöðu á næstu vikum og misserum. Takist það ekki horfir til verulegrar óvissu á vinnumarkaði og harðvítugari kjarabaráttu en ella þyrfti að verða.“

Nokkuð sáttur

Vilhjálmur Birgisson formaður VLFA á sæti í samninganefndinni og hann er nokkur sáttur við áherslur þeirrar kröfugerðar sem Starfsgreinasambandið hefur nú mótað.

„Eins og flestir vita þá hafa ýmsir aðilar í íslensku samfélagi eins og t.d. Guðbjartur Hannesson félagsmálaráðherra, Runólfur Ágústson stjórnarformaður Vinnuálastofnunar og Björk Vilhelmsdóttir formaður Velferðasviðs Reykjavíkurborgar bent á að stórlega þurfi að hækka lágmarkslaun og lágmarkstaxta á Íslandi.“

Vilhjálmur segir ljóst að framundan séu afar erfiðar kjaraviðræður við Samtök atvinnulífsins, ríki og sveitarfélög.

„Öllum má vera ljóst hversu mikilvægt það er að verkalýðshreyfingin standi þétt saman við að ná sínum áherslum fram í komandi viðræðum,“ segir Vilhjálmur Birgisson.



Skrifstofa félagsins

Skrifstofa Verkalýðsfélags Akraness er að Sunnubraut 13. Hún er opin alla virka daga frá kl. 8:00–16:00. Utan afgreiðslutíma er hægt að ná í formann félagsins, Vilhjálmmur Birgisson, í síma 865 1294.

Starfsmenn skrifstofu

Vilhjálmur Birgisson, formaður
vilhjalmur@vlfa.is

Björg Bjarnadóttir
skrifstofufulltrúi
bjorg@vlfa.is

Auður Finnbogadóttir
skrifstofufulltrúi
audur@vlfa.is

Dagbjört Guðmundsdóttir,
skrifstofufulltrúi
dagbjort@vlfa.is



Nr. 11 | 6. árgangur | Desember 2010

Útgefandi: Verkalýðsfélag Akraness
Sími: 430 9900 | Fax: 430 9901
Netf.: skrifstofa@vlfa.is | vlfa@vlfa.is
Heimasíða: www.vlfa.is
Ábm.: Vilhjálmmur Birgisson
Umsjón: Kristján Kristjánsson
Umbrot: Uppheimar
Prentun: Prentmet Vesturlands



Kæru félagar

Kjarasamningar eru lausir og framundan samningsgerð sem í ljósi ríkjandi ástands hefur aldrei verið mikilvægari. Eins og fram hefur komið þá var meginkrafta Verkalýðsfélags Akraness vegna komandi kjarasamninga að lágmarkslaun skyldu hækka í 200.000 kr. Þessi krafa félagsins vakti umtalsverð viðbrögð á sínum tíma og nægir að nefna í því samhengi viðbrögð Samtaka atvinnulífsins sem töldu þessa kröfu óeðlilega. Nú hefur samninganefnd Starfsgreinasambands Íslands afhent Samtökum atvinnulífsins kröfur sambandsins vegna komandi kjarasamninga og það er skemmst frá því að segja að aðalkrafa SGS er að lágmarkslaun hækki í 200.000 kr. frá 1. desember 2010. Auk þess er gert ráð fyrir tilfærslu á launaflokkum hjá hinum ýmsu starfshópum eins og t.d. fiskvinnslufólki enda er alveg ljóst að greinar tengdar útflutningi hafa fulla burði til þess að hækka laun starfsmanna sinna verulega. Þetta staðfesta þau jákvæðu tíðindi sem bárust um að Samherji hafi greitt landverkafólki sínu rúmar 260.000 kr. í eingreiðslu nú í desembermánuði.

Ávarp formanns

Purfum að sýna fulla festu

Það er markmið samninganefndar SGS að endurheimta þann kaupmátt sem glatast hefur frá upphafi efnahagshrunsins haustið 2008, minnka atvinnuleysið og tryggja hinum lægst launuðu kjarabætur. Það verður ekki liðið að íslensku verkafólki verði einu falið það verkefni að bera klafa efnahagshrunsins á jafn grimmligan hátt og birtist þessa dagana í hinum skefjalausu verðlags-, skatta- og gjaldskrárhækkunum sem dynja á almenningi. Það er gríðarlega mikilvægt að Starfsgreinasambandið sýni fulla festu í sínum aðgerðum við að bæta kjör íslensks verkafólks því núna fyrst er tækifæri til að rétta hag þessa hóps frá hruni. Það tækifæri verðum við að nýta okkur.

Ég óska félögum okkar gleðilegra jóla og velfarnaðar á nýju ári!

Með baráttukveðju,
Vilhjálmur Birgisson

Fundað með atvinnuleitendum

Formaður VLFA hefur fundað með atvinnuleitendum til að upplýsa þá um réttindi og skyldur á íslenskum vinnumarkaði.

Í lok október fundaði formaður með atvinnuleitendum í Þorpinu þar sem haldin eru hin ýmsu námskeið fyrir atvinnuleitendur. Formaður greindi einnig frá þeim réttindum sem fólk öðlast taki það ákvörðun um að greiða til félagsins og eru umtalsverðir hagsmunir þar í húfi.

Fram kom í máli atvinnuleitenda að þeim finnst ósanngjarnt að þegar þeir eða börn þeirra lendi í veikindum þá missi þeir bætur sökum þess. Formaður tók undir þessa ábendingu, en benti á að þeir sem taka ákvörðun um að greiða félagsgjald til síns stéttarfélags eiga þar með rétt á sjúkradagpeningum fyrir þá daga sem þeir missa bætur. Hjá VLFA á viðkomandi atvinnuleitandi rétt á sjúkradagpeningum strax.

Skagastaðir

Í lok nóvember fundaði svo formaður með ungum atvinnuleitendum á Akranesi sem eru í vinnumarkaðsúrræði sem nefnist Skagastaðir. Á fundinum var farið yfir hin ýmsu réttindi og skyldur sem hvíla á atvinnuleitendum, eins og til dæmis þá skyldu að sækja þau úrræði sem Vinnu-málastofnun býður upp á hverju sinni. Fjöl margar spurningar voru bornar upp, bæði varðandi þau réttindi sem gilda á íslenskum vinnumarkaði og einnig atvinnuástandið almennt. Töluvert var spurt um þau réttindi sem stéttarfélagin bjóða fullgildum félagsmönnum sínum upp á.

„Það er alveg ljóst að Vinnu-málastofnun hér á Akranesi heldur afar vel utan um atvinnuleitendur og þetta framtak þeirra, Skagastaðir, er til mikillar fyrirmyndar,“ segir Vilhjálmmur Birgisson, formaður VLFA.

Félagsmenn VLFA fá nýtt félagsskírteini



Verkalýðsfélag Akraness hefur undanfarin misseri barist fyrir því að léttu greiðslubyrði félagsmanna sinna með öllum tiltækum ráðum. Hafa starfsmenn félagsins m.a. staðið í viðræðum við fyrirtæki hér á Akranesi og leitað eftir afsláttarkjörum fyrir félagsmenn. Þessi vinna hefur borið góðan árangur og stöðugt fjölgar þeim fyrirtækjum sem vilja bjóða félagsmönnum sérkjör og afslætti.

Gildir út árið 2011

Þar sem framvísa þarf félagsskírteini til að njóta afsláttar og sérkjara hefur félagsskírteini VLFA verið einfaldað og er nú á stærð við greiðslukort. Hið nýja félagsskírteini gildir út árið 2011 og gegn framvísun þess bjóðast félagsmönnum nú ýmis afsláttar- og sérkjör hjá samstarfsaðilum Verkalýðsfélags Akraness. Þessi kjör eru kynnt sérstaklega á skírteininu sjálfu, á heimasíðu félagsins og í bæklingi sem fylgdi skírteininu þegar það var sent til félagsmanna nú í nóvember.

Dagbókin

Undanfarin ár hafa félagsmenn fengið heimsenda dagbók frá félaginu. Dagbók þessi hefur gilt sem félagsskírteini en nú verður breyting á. Dagbókin verður prentuð um næstu áramót eins og vant er, en í minna upplagi og hún verður ekki send heim til félagsmanna. Hægt verður að nálgast dagbókina á skrifstofu félagsins eða hafa samband og óska eftir að fá hana senda. Það er einlæg von stjórnar og starfsfólks Verkalýðsfélags Akraness að þau afsláttar- og sérkjör sem hið nýja félagsskírteini veitir verði félagsmönnum og fjölskyldum þeirra til hagsbóta.



Reykjavík | Akranes | Borgarnes | Ísafjörður | Blönduós | Sauðárkrúkur
Akureyri | Egilsstaðir | Reyðarfjörður | Vestmannaeyjar

PACTA

L Ö G M E N N


Markmið Pacta er að veita viðskiptavinum um land allt gæða lögmannsþjónustu og ráðgjöf, byggða á þekkingu, trausti og áreiðanleika sem skili sér í faglegum og heiðarlegum vinnubrögðum.



Jón Haukur Hauksson hdl.
jonhaukur@pacta.is

Kirkjubraut 12 | 300 Akranes | sími 440 7900 | www.pacta.is

Verkalýðsfélag



Skrifstofa félagsins er til húsa að Sunnubraut 13
Opnunartími er alla virka daga frá kl. 09:00-16:00
Sími 4309900 Fax 4309901 Netfang skrifstofa@vlf.a.is Vefsíða www.vlf.a.is

Akraness

Utan afgreiðslutíma er hægt að ná í formann félagsins, Vilhjálm Birgisson, í síma 865 1294

Þetta er í boði fyrir fullgilda félagsmenn:

Félagssjóður:

- Aðstoð við túlkun á kjarasamningum
- Ókeypis lögfræðiráðgjöf hjá lögmanni félagsins
- Aðstoð við að varðveita áunnin réttindi
- Kjarasamningagerð fyrir félagsmenn
- Aðstoð við að innheimta vangreidd laun

Sjúkrasjóður:

- Sjúkradagpeningar í veikinda- og slysaforföllum eftir að samningsbundinni kaupgreiðslu lýkur frá atvinnurekanda, í allt að 120 daga
- Sjúkradagpeningar vegna áfengis- eða fikniefnameðferðar, í allt að 90 daga
- Fæðingarstyrkur
- Heilsueflingarstyrkur
- Gleraugnastyrkur
- Heyrnartækjastyrkur
- Dánarbætur
- Endurgreiðsla vegna krabbameinsskoðunar
- Endurgreiðsla vegna almennrar skoðunar hjá Hjartavernd
- Endurgreiðsla vegna glasa-, tæknifrjógvunar eða ættleiðingar
- Endurgreiðsla vegna viðtalsmeðferðar hjá sálfræðingum / fjölskylduráðgjöfum
- Endurgreiðsla vegna göngugreiningar

Orlofssjóður:

- Orlofshús, sumar- og vetrarleiga
- Veiðikort og Útilegukort með afslætti
- Frí veiðileyfi í Svínadal (Þórisstaðavatn, Eyrarvatn og Geita-bergsvatn)
- Frír aðgangur að tjaldstæðinu á Þórisstöðum
- Afsláttur í Hvalfjarðargöng og með Herjólfu
- Ferð í boði félagsins fyrir eldri félagsmenn

Vinnudeilusjóður:

- Styrkir til félagsmanna í verkföllum eða verkbönnum

Fræðslusjóður:

- Styrkir eru veittir til náms sem eykur möguleika félagsmanns á vinnumarkaði
- Styrkupphæð er allt að 75% af námskeiðskostnaði þó að ákveðnu hámarki
- Meirapróf er styrkt um kr. 100.000
- Hægt er að sækja um styrki t.d. vegna háskólanáms, náms við framhaldsskóla, almenns ökunáms og ýmis konar námskeiða
- Félagmenn eru eindregið hvattir til að hafa samband við skrifstofu félagsins og fá nánari upplýsingar um hvaða rétt þeir eiga úr sínum starfsmenntasjóði

Stéttarfélag sem þorir

Verkalýðsfélag Akraness
óskar öllum félagsmönnum og öðrum bæjarbúum
gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári

Góð málefni styrkt



Guðmundur Rúnar Davíðsson og Bryndís Óláf Guðjónsdóttir varaformaður VLFA afhentu styrkinn sem Gísli Sigurjón Þráinsson veitti viðtöku fyrir hönd Björgunarfélags Akraness. Hópur úr unglingsdeildinni ásamt fleiri félögum voru honum til halds og trausts.

F. v.: Guðmundur Rúnar Davíðsson, Bryndís Óláf Guðjónsdóttir, Benedikt Snær Magnússon, Anna María Þráinsdóttir, Anna Björk Guðmundsdóttir, Magnús Gunnarsson, Íris Jana Ásgeirsdóttir, Jóhann Pétur Pétursson, Ingibjörg Torfadóttir, Guðrún Birna Ásgeirsdóttir (með dóttur sína Kristínu Ólínu Guðbjartsdóttur) og Gísli Sigurjón Þráinsson.

Í lok árs 2005 gerði stjórn Verkalýðsfélags Akraness samning við Landsbankann á Akranesi um öll bankaviðskipti félagsins. Í einu ákvæði samningsins er kveðið á um að Landsbankinn greiði í sérstakan styrktarsjóð Verkalýðsfélags Akraness sem nota á til að styrkja góðgerðarmál á félagssvæði VLFA.

Stjórn félagsins samþykkti á fundi sínum þann 7. desember sl. að styrkja Mæðrastyrksnefnd Akraness um 100.000 kr. Einnig ákvað stjórn félagsins að styrkja styrktarsjóð Akraneskirkju um 150.000

krónur og mun séra Eðvarð Ingólfsson sóknarprestur okkar Skagamanna sjá um að deila út fjármunum til fjölskyldna sem eiga í fjárhagsvandæðum. Einnig var ákveðið að styrkja SÁÁ um kr. 50.000. Síðast en ekki síst var ákveðið að styrkja Björgunarfélag Akraness um kr. 300.000 vegna frábærra starfa á undanförunum árum og einstaks björgunarafreks á Langjökli síðastliðinn vetur þegar björgunarsveitin, með Þórð Guðnason í fararbroddi, vann það afrek að bjarga dreng upp úr 30 metra djúpri sprungu.

www.vlfa.is



Greiðslur sjúkradagpeninga hafa aukist um 123%

Á árinu 2010 hafa greiðslur sjúkradagpeninga úr sjúkrasjóði VLFA til félagsmanna aukist um heil 123%. Greiðslurnar nema um 22 milljónum en á sama tíma í fyrra var þessi tala rúmar 10 milljónir. Ugðlaust skýrir ástandið á vinnumarkaði þessa aukningu að einhverju leyti en þetta bendir til þess að heilsufar félagsmanna hafi í kjölfar kreppunnar versnað nokkuð. Sjúkrasjóður hefur greitt í heildina með öllum styrkjum yfir 30 milljónir króna það sem af er þessu ári en allt árið í fyrra námu greiðslur úr sjóðnum 23 milljónum.

Fundur um fátækt

Bót, félag aðgerðasinna um bætt samfélag, stóð fyrir fundi um fátækt í lok október. Fundurinn var haldinn í Salnum í Kópavogi og þáði herra Ólafur Ragnar Grímsson, boð um að koma á fundinn. Allri ríkisstjórn Íslands var boðið en einungis einn ráðherra sá sér fært að mæta, Ögmundur Jónasson. Gísli Tryggvason, talsmaður neytenda, flutti erindi er lýtur að skyldu yfirvalda til að reikna út lágmarksframfærslu og einnig voru frummælendur talsmenn öryrkja, aldraðra, atvinnuleitenda og félagsbótaþega.

Af viðbrögðum úr sal var ljóst að mörgum er heitt í hamsi yfir því ástandi sem

nú ríkir og krafa fólksins er alveg hvellskýr: Reikna verður út lágmarksframfærslustuðull sem sýnir með afgerandi hætti hvað einstaklingar og hinar ýmsu fjölskyldustærðir þurfi mikla fjármuni til að geta staðið undir rekstri heimilis. Lágmarkslaun og opinberar bætur þurfa að hækka umtalsvert - enda er ekki nokkur vegur að lifa viðunandi lífi á þeim lágmarkslaunum og -bótum sem nú bjóðast.

Að taka stöðu með félagsmönnum

Fram kom í máli eins fundarmanna að Verkalýðsfélags Akraness og Framsýn á


Húsavík eru einu stéttarfélagin á landinu í dag sem væru að taka stöðu með sínum félagsmönnum. Formaður VLFA, Vilhjálmur Birgisson, var fundarstjóri og notaði hann tækifærið til að koma áherslum Verkalýðsfélags Akraness á framfæri. Hann sagði að frumskylda í komandi kjarasamningum væri að hækka umtalsvert þau skammarlegu lágmarkslaun sem nú eru einungis 165 þúsund krónur. Formaðurinn sagði einnig að það væri íslensku samfélagi, atvinnurekendum og forystu verkalýðshreyfingarinnar til ævarandi skammar að lágmarkslaun skuli enn ekki duga fyrir lágmarksframfærslu.

Ferð til Eyja

Í byrjun september gerðu eldri félagsmenn Verkalýðsfélags Akraness ásamt mökum viðreist í dagsferð á vegum félagsins. Þessi ferð er árlegur liður í starfsemi félagsins og að þessu sinni var ferðinni heitið til Vestamannaeyja undir dyggri leiðsögn Björns Inga Finsen. 110 félagsmenn auk fulltrúa félagsins og leiðsögumanni héldu frá Akranesi í tveimur rútum í ágætis veðri. Siglt var til Eyja frá hinni nýju Landeyjahöfn og tekur siglingin ekki nema um 30 mínútur. Úti í Eyjum beið ferðafólks léttur hádegisverður í boði félagsins. Að snæðingi loknum var haldið af stað í rútum í útsýnisferð um eyjuna með leiðsögn frá Unni og Simma hjá Viking Tours. Ýmsir staðir voru skoðaðir, t.d. Herjólfssdalur, Fjósaklettur, Stórhöfði, Ræningjatangi, Eldheimar (Pompei du Nord), Gaujulundur og Skansinn.

Á heimleiðinni var áð í Þrastarlundi þar sem Garðar Halldórsson las upp ljóð fyrir hópinn í dásamlegu veðri undir berum himni. Ljóðið samdi hann árið 1974 í tilefni af 50 ára afmæli Verkalýðsfélags Akraness.

Þessi ferð var afskaplega vel heppnuð í alla staði og kann skrifstofa félagsins þeim sem komu að undirbúningi hennar hinar bestu þakkir fyrir.



Óskum félagsmönnum
Verkalýðsfélags Akraness
gleðilegra jóla!



HB GRANDI



Akraneskaupstaður



Ein gjöf sem hentar öllum



Gjafakort Landsbankans er greiðslukort sem býður upp á að gefandinn ákveði upphæðina og viðtakandinn velji gjöfina. Gjafakortið er viðskiptavinum að kostnaðarlausu til áramóta.

Þú færð gjafakortið í næsta útibúi Landsbankans.

